



## 10. stjórnarfundur HSV starfsárið 2018-2019. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, mánudaginn 13. maí 2019 kl. 16.30.

Mættir eru Ásgerður Þorleifsdóttir, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Ingi Björn Guðnason, Karl Ásgeirsson, Baldur Ingi Jónasson, Heimir Hansson og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlunar HSV 2019  
Formannafundur síðustu viku óskaði eftir að stjórn HSV endurskoðaði fjárhagsáætlun sem lögð verður fyrir þing þar sem hún gerir ráð fyrir tapi á rekstri sambandsins. Stjórn fór yfir áætlunina, niðurstaðan er að hún verður í tapi þar sem verið er að borga út styrki sem setið hafa eftir frá fyrri árum.
2. Ónotað framlag Verkefnasamning  
Frá árinu 2012 hefur legið inn á reikningi HSV ónotað framlag verkefnasjóðs. Árið 2014 var mikill hluti þeirrar fjárhæðar greidd út en tæp milljón hefur orðið eftir. Stjórn HSV telur rétt að úthluta þessari upphæð til félaganna. Formaður leggur til að ónotað framlag verkefnasamnings, að upphæð kr. 962.159, verði bætt við úthlutunarfé verkefnasamnings þessa árs. Stjórn samþykkir þá tillögu og felur framkvæmdastjóra útfæra það.
3. Unglingalandsmót UMFÍ 2019  
Á síðasta ári niðurgreiddi HSV þáttökugjöld fyrir sína iðkendum á ungingalandsmóti UMFÍ. Ákveðið að hafa sama háttinn á fyrir ungingalandsmótið í ár sem haldið verður á Höfn í Hornafirði. Reyna á með öllum ráðum að fjölga þátttakendum frá HSV.
4. Önnur mál  
Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17.30